

Meyjarós 'Gréta'

Rosa moyesii 'Gréta'

Ætt: Rósaætt – Rosaceae

Einstaklega blómviljug gróskumikil rós með dökkbleikum blómum.



Lýsing: Hávaxinn og gróskumikill runni með fáa en gilda þyrnótta stofna. **Blöð** eru stakfjöðruð, dökkgræn að ofan en ljósari og stundum bláleit að neðan, hárlaus nema á miðtaug. **Greinar** rauðbrúnar með fáum en stórum þyrnum. **Haustlitir** gulir eða rauðir, en nær sjaldan hauslitum hér á landi. **Blómstrar** frá byrjun júlí bleikum-dökkbleikum blómum með gulum fræflum. Ilmur er mjög daufur. Blómin laða að sér býflugur og humlur. Þroskar mikið af fallega hangandi, flöskulaga, dökkappelsínugulum-rauðum **nýpum** sem prýða runnann eftir lauffall. 'Gréta' er ein af harðgerari og blómsælli meyjarrósum í safni Yndisgróðurs. Verður um 2,5-3 m há og álíka breið. Meðalhæð eftir 5 ár er um 2,5 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum á Reykjum).

Uppruni: Tegundin vex náttúrulega í norð-vestur Kína. Yrkið 'Gréta' kemur úr Grasa-garðinum í Reykjavík en uppruni hennar er



Meyjarós 'Gréta' við stíg í Laugardal, júlí 2007.



Blómin eru dökkbleik með áberandi gulum fræflum.



Fallega dökk appelsínugular, flöskulaga, kirtilhærðar nypur með áberandi háls.



Alsett nypur í september 2010 í Laugardal.

óviss, ekki er ólíklegt að hún sé frá grasagarði í Rússlandi.

Notkun: 'Gréta' er stórvaxin og umfangsmikil rós sem hentar vel ein sér eða sólarmegin í trjábeð, í þyrpingu með öðrum lágvaxnari runnum eða í óklíptum röðum á stærri svæðum. Hún er góður kostur sólarmegin í skjólbelti þar sem hún lokar beltinu niður við jörð og prýðir það með áberandi blómgun og nýpum. Bil milli plantna ætti að vera 1,5-3 m.

Ræktun og harðgeri: Einstaklega harðger og duglegur runni, þrífst þó best í skjóli fyrir norðanátt. Þarf sólríkan stað eins og aðrar rósir, þolir þó hálfskugga en það kemur niður á blómgun. Þrífst best í vel framræstum frjósömum jarðvegi en þolir rýrari jarðveg. Reynslan sýnir að Meyjarós 'Gréta' er harðger í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs nema á Blönduósi og ætti því að þrífast vel á svæði A og B.

Umhirða: Umhirða 'Grétu' er ekki mikil en það má grisja hana með nokkra ára millibili.

Óþrif og skaðvaldar: Ekki hefur borið á skemmdum af völdum skordýra eða sjúkdóma.

Fjölgun: Meyjarós 'Grétu' er fjölgað með sumargræðlingum.



Meyjarós er blómsæl rós, greinarnar eru rauðbrúnar með fáum, stórum þyrnum.



Meyjarós er stórvaxin en sómir sér vel með framan við stærri tré. Við Laugarnesskóla 2008.



Nýpunar hanga fallega á runnanum fram eftir hausti.